

# Ársskýrsla Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fyrir árið 2025

Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2023-2025: Staða árangursmælikvarða.

## Kjarnastarfsemi:

Árangursmælikvarðarnir eru fjórir; hlutfall nemenda sem útskrifast úr FMOS eftir 3,5 ár, auka nemendafjölda skólans, auka farsæld nemenda og inngilding nemenda.

### **Markmið 1 er að fjölga nemendum sem ljúka stúdentsprófi á 3,5 ári.**

Árið 2024 útskrifuðust 23% nemenda eftir 3,5 ár eða skemur sem var það markmið sem skólinn hafði sett sér fyrir árið. Því miður náðist ekki markmið ársins 2025 þar sem hlutfall þeirra sem ljúka stúdentsprófi á 3,5 ári var 22% en markmið ársins var að 24%.

**Markmið 2 er að auka nemendafjölda.** Nemendafjöldi í skólanum að hausti var 259 árið 2024 en 302 árið 2025. Markmið ársins náðist þar sem er um að ræða næstum 17% fjölgun nemenda á milli ára. Munar þar mestu um fjölgun nemenda á íslenskubraut og sérnámsbraut.

**Markmið 3, að auka farsæld nemenda, er nýr mælikvarði.** Þar liggur til grundvallar mæling úr Skólapúlsi um líðan og sjálfsmynd ásamt talningu á fjölda þeirra sem taka þátt í félagslífi skólans.

Hlutfall nemenda sem líður vel eða mjög vel í skólanum var 76% árið 2024, en er 66% árið 2025. Markmið skólans er að 80% nemenda líði vel í skólanum.

Hlutfall nemenda sem hefur ferkar jákvætt eða mjög jákvætt viðhorf til sjálfs sín er 70% árið 2024 en lækkar aðeins og er 68% árið 2025. Markmið skólans er að 75% nemenda hafi jákvætt viðhorf til sjálfs sín.

Þátttaka í viðburðum á vegum nemendafélagsins var 15% að meðaltali árið 2024. Þátttakan í félagslífi skólans árið 2025 er að jafnaði 16%.

**Markmið 4 er inngilding sem er líka nýr mælikvarði.** Þar er mælt hversu stórt hlutfall nemenda á íslenskubraut og sérnámsbraut tekur áfanga utan brauta. Árið 2024 tóku 4% nemenda á þessum brautum áfanga utan brautar.

Árið 2025 voru 14% nemenda á íslenskubraut og sérnámsbraut í áföngum utan brauta, flestir af sérnámsbrautinni.

### **Rekstrarþættir:**

Markmið 1 er að ný íslenskubraut verði sjálfbær.

Kostnaður sem felst í að koma nýrri braut af stað er mikill þar sem allir áfangar eru nýir og skortur er á kennsluefni. Áætlað er að kostnaður vegna nýrrar brautar sé 20% umfram nemanda í almennu námi. Kostnaður við brautina árið 2025 er 28 milljónir yfir fjárheimildir.

Markmið 2 er að sérnámsbraut verði sjálfsbær.

Miklar þjónustuparfir eru hjá hluta nemenda á brautinni. Markmið ársins er að minnka útgjöld við brautina þannig að kostnaður verði innan fjárheimilda. Árið 2025 er kostnaður 55 milljónir umfram það sem fjárheimildir gera ráð fyrir. Óskað var eftir auknu fjármagni til rekstar brautarinnar og var orðið við því að hluta til.

Auk þessara rekstrarlegu mælikvarða þá fylgist skólinn með stöðu skólans í könnuninni „Stofnun ársins“, starfsmannaveltu og könnun á líðan starfsfólks. Markmiðið fyrir árið 2025 er að vera í 1.-10. sæti í könnuninni „Stofnun ársins“ og að vera 1,4 yfir landsmeðaltali í Starfsmannapúlsinum.

Markmið ársins 2025 náðist ekki hvað varðar „Stofnun ársins“ þar sem skólinn varð í 28 sæti af 41 stofnun í flokki meðalstórra stofnana (starfsfólk 40-89) með heildareinkunn 3,99. Á þessu ári færðist skólinn á milli flokka, úr flokki lítilla stofnana yfir í flokk meðalstórra stofnana. Ánægjulegt var að sjá að

heildareinkunn skólans hækkaði úr 3,68 upp í 3,99. Lítilsháttar hækkun var í öllum níu flokkum könnunarinnar.

Starfsmannavelta samkvæmt launabókhaldi er 22,2% (viðmið 2%). Ræður þar mestu fjölgun starfsfólks á íslenskubraut og sérnámsbraut.

Starfsmannapúlsinn var lagður fyrir í fimmta skipti á vorönn 2025. Svarhlutfallið var 90%. Könnunin er í fimm flokkum; starfið, starfsfólk, vinnustaðurinn, stjórnun og opin svör. Niðurstöður úr könnuninni eru að flestu leyti lakari en í þeirri síðustu. Starfsandinn hefur til dæmis ekki batnað frá síðustu könnun, vinnuálagið hefur aukist. Það sem hefur batnað frá síðustu könnun er skuldbinding í starfi og jákvæðar áskoranir í starfi.

## **Nemendur**

Fjöldi nemenda á árinu 2025 var 243 á vorönn og 312 á haustönn. Fjöldi nýnema sem sækja um FMOS beint eftir 10. bekk hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár, voru 65 nemendur árið 2025.

## **Nám**

Boðið er upp á nám á framhaldsskólabraut, íslenskubraut, sérnámsbraut og þremur stúdentsbrautum. Stúdentsbrautirnar eru félags- og hugvísindabraut, náttúruvísindabraut og opin stúdentsbraut. Á opinni stúdentsbraut er val um þrjú kjörsvið; almennt kjörsvið, hestakjörsvið, íþrótt- og lýðheilsukjörsvið. Framhaldsskólabrautin er ætluð nemendum sem koma beint úr grunnskóla og eru með slakan árangur í kjarnagreinum eða með stjörnumerktar einkunnir. Íslenskubraut er ætluð nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku og hafa ólíkan bakgrunn varðandi nám, menningu og tungumál. Sérnámsbraut er ætluð nemendum með fötlunargreiningu og er skipulögð sem 7 - 8 anna nám.

## **Starfsfólk**

Heildarstarfsmannafjöldi við lok árs 2025 var 47, fjölgað hefur um 5 starfmenn á árinu, starfsmannavelta er 22,2% samkvæmt launabókhaldi (Orra).

Þrír stjórnendur eru í skólanum á árinu, skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri allir í 100% stöðu. Við skólann starfar einnig náms- og starfsráðgjafi í 100% starfi, deildarstjóri sérnámsbrautar í 100% starfi, deildarstjóri íslenskubrautar í 20% starfi og alþjóðafulltrúi í 25% starfi.

Kennarar við lok árs 2025 voru 27, leiðbeinendur 2 og aðrir starfsmenn 18. Allir kennarar eru með kennsluréttindi og háskólamenntun í sinni kennslugrein og meirihluti þeirra með masterspróf. Leiðbeinendur stunda nám til kennsluréttinda í sinni grein. Aðrir starfsmenn hafa fjölbreytta sérhæfingu sem tengist því sviði sem þeir starfa á.

### **Hugmyndafræði**

Við skólann er stundað leiðsagnarnám þar sem má segja að kennsluaðferðirnar og námsmatið fléttist saman. Notaðar eru fjölbreyttar verkefnaáætlaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat, og stundataflan er brotin upp með verkefnatímum þar sem kennarar eru til taks og nemendur stjórna sjálfir í hvaða verkefnatíma þeir mæta. Kennsluaðferðirnar miða að því að nemendur séu virkir þátttakendur í námi sínu og tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem þeir vinna. Kjarninn í hugmyndinni er að nemendur fá tækifæri til að ræða námsefnið og verkefnið við kennarana sína og fá síðan umsagnir sem leiða þá áfram, bæði skriflegar og munnlegar. Vinna nemenda er metin jafnt og þétt og ekkert prófatímabil er í lok annar.

Mosfellsbær, 30.04.2026

Kristján Arnar Ingason, skólameistari

Bergþóra Hlín Arnórsdóttir, aðstoðarskólameistari